

# Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla ásamt bekkjarfulltrúum

Haldinn 29. apríl 2009

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Kristín Helgadóttir, Helga Andrésdóttir, Víðir Guðmundsson, Eva Dögg Guðmundsdóttir, Jón Magnús Björnsson og Rut Ragnarsdóttir.

## 1. Nýtt skipulag á FFA

Kristjana kynnti tillögu að nýju skipulagi í starfsemi Foreldrafélags Akurskóla, FFA, fyrir bekkjarfulltrúum. Allir tóku mjög vel í nýjar hugmyndir og töldu nýtt fyrirkomulag vera mjög áhugavert og til þess fallið að virkja betur alla foreldra í skólanum.

Hugmyndin er sú í stuttu máli að gera foreldra virkari í félaginu m.a. með því að halda félagsfundi a.m.k. þrisvar á önn þar sem stjórn, bekkjarfulltrúar og aðrir foreldrar funda og deila með sér verkefnum. Þessir fundir gætu líka verið góður vettvangur fyrir foreldra að hittast og bera saman bækur sínar. Þannig gæti starfið styrkst til muna og foreldrar orðið meðvitaðri um að þeir séu hluti að foreldrafélaginu.

Þessi hugmynd mun verða kynnt á aðalfundi félagsins í maí nk. Ef tillagan verður samþykkt þarf að leggja til lagabreytingar í kjölfarið.

## 2. Tónmenntakennsla í Akurskóla

Á næsta skólaári mun tónmenntakennsla vera skorin niður úr 26 tímum í 6 tíma. Foreldrar og nemendur eru mjög ósáttir við þessa ákvörðun enda óásættanlegt að alltaf sé skorið niður í listgreinum þegar kemur að sparnaði skólanna. Einnig er mikilvægt að smíðjurnar verði ekki lagðar af. Lagt var til að fulltrúi foreldra í skólaráði tæki málið upp þar. Einnig var lagt til að FFGÍR kæmi að málinu og sendi ályktun til fræðsluráðs vegna sparnaðar skólanna. Næsti fundur hjá FFGÍR er á fimmtudaginn nk.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir